

Reykjavík, 26. október 2018

[nefnasvið@althingi.is](mailto:nefnasvið@althingi.is)

**Efni: Umsögn Ragnars Aðalsteinssonar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla ofl. (Endurupptökudómur) 70. mál.**

Allsherjar- og menntamálnefnd Alþingis hefur óskað eftir því að ég skili umsögn um framangreint frumvarp um stofnun Endurupptökudóms, sem taki við verkefnum endurupptökunefndar.

Þess er fyrst að geta að helsta nýjung frumvarpsin felst í því að setja á stofn sérdómstól sem hafi það hlutverk að taka afstöðu til beiðna um endurupptöku dæmdra einka- og sakamála án tillits til þess á hvaða dómstigi viðeigandi dómur hefur gengið.

Með endurupptökubeiðnir hefur hér á landi frá stofnun Hæstaréttar verið farið sem stjórnvaldserindi og þau afgreidd þannig. Í 30. gr. laga um hæstarétt nr. 22/1919 segir:

„Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum hæstaréttar, leyft, að mál, sem þar hefir verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefur sannast eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.“

Síðar var Hæstarétti falið að taka afstöðu til beiðna um endurupptöku án milligöngu ráðherra og var svo allt þar til endurupptökunefnd var stofnuð með lögum. Hæstiréttur fól í hverju tilviki nefnd dómara að fjalla um beiðnir um

endurupptöku mála. Slíkar nefndi skipuðu oftast þrjár af dómurum réttarins, en í undantekningartilvikum fleiri. Til dæmis var ákvörðunin um að synja endurupptökubeiðni Sævars Marínós Ciecieski árið 1997 tekin af nefnd sex dómara réttarins. Málsmeðferð fór ekki eftir reglum réttarfarsins og slíkar beiðnir voru ekki teknar fyrir á dómþingum. Aðilum gafst ekki kostur á að koma að sjónarmiðum sínum öðruvísi en skriflega. Ekki var kveðinn upp dómur eða úrskurður, heldur tekin ákvörðun. Þessar ákvarðanir réttarins voru því stjórnvaldsákvarðanir eins og t.d. útgáfa áfrýjunarleyfa.

Í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar er því sú meginbreyting gerð að eftir samþykkt þess telst afstaða til endurupptökubeiðna til dómsathafna. Meðferð beiðnanna sætir því málsmeðferð samkvæmt réttarfarslöggjöfinni. Frá því er þó það mikilvæga frávík gert í frumvarpinu að endurupptökumál skuli ekki flytja munnlega.

Minnt er á að munnlegur málfutningur er meginregla íslensks réttarfars. Munnlegur málfutningur er til þess fallin að skýra mál betur fyrir dómurum en unnt er að gera í skriflegum málfutningi og jafnframt gefst dómurum kostur á að spyrja málflytjendur út í það sem þeim finnst ekki nægilega skýrt. Munnlegur málfutningur er því til þess fallinn að tryggja eftir því sem unnt er réttláta dóma í samræmi við lög.

Í frumvarpinu er ekki rökstutt hver vegna fallið er frá meginreglunni um munnlegan málfutning í dómsmálum. Með því er leitast við að gera málsmeðferðina sem líkasta meðferð stjórnarsýslumáls. Þetta gengur þvert á markmið frumvarpsins um að endurupptökumál sæti meðferð sem dómsmál. Lagt er til að þessu verði breytt.

Gert er ráð fyrir að skipaðir verði fimm dómarar í dóminn og sitji þrjár þeirra í hverju máli. Þrjár af fimm dómurum skulu vera starfandi embættisdómarar. Dómarar við Hæstarétt skipa einn dómara úr sínum hópi, dómarar við Landsrétt annan úr sínum hópi og héraðsdómarar þann þriðja einnig úr sínum hópi. Hæfnisnefnd velur tvo dómara og skulu þeir vera óháðir dómstólum. Sá hæstaréttardómari sem Hæstiréttur tilnefnir skal vera dómsforseti. Hann ákveður hvaða dómarar skipi dóm í hverju máli fyrir sig, þó þannig að fjalli endurupptaka um dóm Hæstaréttar skipar landréttardómarinn stól forseta dómsins og ákveður hverjir skipi dóm. Líkur eru á því að embættisdómarar skipi meri hluta dómara í hverju máli þegar af þeirri ástæðu að embættisdómari ákveður hverjir fari með hvert mál fyrir sig. Dómarar eiga því að fjalla um dóma starfssystkina sinna. Það er ekki til þess fallið að skapa traust á dómstólum hjá

þeim sem til hans þurfa að leita. Ein helsta ástæðan til þess að til endurupptökunefndar var stofnað var að ekki var talið unnt að ætlast til þess af dómurum Hæstaréttar að þeir gætu af fullri hlutlægni fjallað um beiðnir um endurupptökur dóma Hæstaréttar. Það sama hlýtur að eiga við um embættisdómara. Með þeim er ákveðin samstaða sem veldur því að Endurupptökudómur sem skipaður er að meiri hluta til af embættisdómurum hefur ekki yfirbragð sjálfstæðs og óhlutdrægs dómstóls, sem endurupptökubeiðendur geta treyst. Því er óhjákvæmilegt að leggja til að þessu verði breytt þannig að embættisdómarar verði í minni hluta í hverju máli, þ.e. einn af þremur.

Í frumvarpinu er ekki að finna leiðbeiningar til hæfnisnefndarinnar um það hvort velja skuli aðra en embættisdómara úr röðum tiltekinnna löglærðra manna. Því er ekki útilokað að nefndin velji dómara sem ekki eru heppilegir til setu í dómnum svo sem eins og lögfræðinga sem fara með stjórnarsýslumál og eru ríkisstarfsmenn. Slíkt er afar óheppilegt fyrir traust á dómstólum. Hér er lagt til að hæfnisnefndinni sé skylt að velja einn dómara úr hópi prófessora við lagadeildir háskólanna og einn úr hópi lögmanns með réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti.

Í 6. mgr. 7. gr. frumvarpsins er lagt til að ekki verði veitt gjafsókn í málum um endurupptöku einkamála og málskostnaður ekki dæmdur. Þetta er andstætt reglum stjórnarskrárinnar um réttlát málsmeðferð og aðgang að dómstólum. Með ákvæðinu eru hinir efnaminni útilokaðir frá því sækja um endurupptöku og þeim því mismunað. Því er hér haldið fram að ákvæðið standist ekki kröfur stjórnarskrárinnar um aðgang að dómstólum, réttláta málsmeðferð fyrir dómi og jafnræði borgaranna. (Allir skulu jafnir fyrir lögunum). Því ber að breyta þessu ákvæði þannig að það uppfylli skilyrði stjórnarskrár og alþjóðlegra skuldbindinga landsins.

Að lokum: Mikilvægt er að þrengja ekki að réttinum til að óska eftir endurupptöku dæmdra mála og alls ekki á sviði sakamála. Einnig er mikilvægt að koma ekki upp hindrunum í vegi fyrir því að óska oftast en einu sinni eftir endurupptöku sama máls. Sagan kennir okkur að sjaldnast tekst að fá sakamál endurupptekið við fyrstu tilraun, enda þótt síðar komi í ljós að viðkomandi hefur setið saklaus í fangelsi árum saman, sbr. t.d. hin alræmdu bresku og norsku endurupptökumál.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, consisting of two large, rounded loops followed by a horizontal line.

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður.